Menningarmál

Elísabet Gunnarsdóttir skrifar um myndlist:

Langt er síðan nokkur myndlistarsýning hefur vakið jafnalmenna athygli og verið kynnt jafnrækilega og sýning Sverris Haraldssonar. Sýning þessi er líka eftirtektarverð fyrir margra hluta sakir, þó ekki væri nema vegna þess að þetta er yfirlitssýning á verkum manns sem enn er á miðjum starfsaldri.

Venjulega eru slíkar sýningar ekki haldnar fyrr en menn eru komnir á efri ár eða jafnvel dauðir. Sýningar sem spanna nokkurt tímabil eru vel fallnar til að veita innsýn í þróun myndlistar, hvort sem þar eru sýnd verk eins manns eða ákveðins hóps sem sett hefur svip á samtímamenn sína. Í landi þar sem myndlistarfræðsla er ekki til, eru slíkar sýningar gott tækifæri til að fá betri heildarmynd af því sem gerist á hverjum tíma og tengja samtímalist við það sem á undan er gengið. Það væri því lærdómsríkt, ef fleiri myndlistarmenn og stefnur yrðu kynntar á þennan hátt.


Einbeiting og umskipti

Sverrir Haraldsson getur varla talist dæmigerður fyrir jafnaldra sína í myndlist, þó hann hafi orðið fyrir áhrifum af þeim stefnum sem hér bar hæst fyrir tuttugu árum. Í seinni tíð hefur hann farið mjög sínar eigin leiðir.

Sýningu Sverris er þannig fyrir komið að auðvelt er að rekja þar feril hans, sjá hvernig hann sökkvir sér niður í ákveðinn stíl eða viðfangsefni, þar til það fullnægir ekki lengur kröfum hans, en stendur í vegi fyrir áframhaldandi þróun. Einkenni hans — og mér liggur við að segja aðalsmerki — hefur einmitt verið þessi einbeiting og umskipti. Hann hefur aldrei fest í neinni aðferð eða stíl, heldur haft hæfileika til endurnýjunar, þegar hann hefur talið sig kominn til botns í viðfangsefninu.

Þótt Sverrir sé ekki nema fertugur maður, hefur hann tekið algerum stakkaskiptum hvað eftir annað og komið víða við í myndlist. Þegar athugaður er sá þrjátíu ára ferill sem sýningin spannar, vekur það fyrst athygli hversu bráðger Sverrir hefur verið. Myndir hans frá unglingsárunum eru engar venjulegar skólateikningar og mér finnst enginn vafi leika á því að hann er efnilegasti málarinn er hér kom fram um miðja öldina. Abstrakt myndir hans í gráum tónum, sem heil seria er af á þessari sýningu, eru eitthvað það albesta sem fram hefur komið á þessu sviði hér á landi. Og þó Sverrir skammist sín nú orðið fyrir geometrísku myndirnar sínar, þá er ekki því að neita að þær eru vel af hendi leystar. Aftur á móti veit ég ekki hvað menn kunna að hafa sagt, eða segja, um þá skoðun Sverris að geometría sé í því fólgin „að raða saman ferningum á kúnstugan hátt" og því meir sem menn fáist við þetta því meira dofni tilfinningarnar. Þessi list-stefna eins og aðrar spratt fram af nauðsyn, en ekki persónulegum duttlungum, þótt ekki henti öllum að vinna í anda hennar.

Hvað sem því líður, þá er hitt meira áberandi á þessari sýningu að þær stefnur sem hér gripu um sig um miðja öldina eru nú orðnar mjög fjarlægar okkar samtíma. Þótt gömlu myndirnar hans Sverris veki enn hrifningu, þá eru þær í raun og veru allt aðrar myndir nú en þegar þær voru fyrst sýndar. Á undanförnum áratugum hefur myndlist og heimurinn allur breyst það mikið að nú sjáum við þessi verk í allt öðru ljósi en fyrrum. Tíminn hefur greinilega dregið úr slagkrafti þeirra eins og við sjáum best, ef við förum enn lengra aftur í tímann til upphafs abstraktsins. Fyrst verkaði það eins og raflost á fólk. Það var menningarsjokk fyrir öll Vesturlönd, en nú heyra þessi verk óafturkallanlega fortíðinni til, og þau hughrif sem þau vekja eru allt annars eðlis en fyrrum.



Sverrir Haraldsson — hjá nokkrum nýlegum myndum á sýningunni í Myndlistarhúsinu á Miklatúni.

INNIHALD OG UMGJÖRÐ

Ný gildi

Sprautumyndir Sverris eru ekki orðnar gamlar að árum, en mér finnst sem þetta séu ekki sömu myndirnar og ég sá í Listamannaskálanum 1963. Þá sá ég í fyrsta skipti verk eftir Sverri og hreifst mjög af sýningunni, eins og reyndar margir aðrir. Mér voru myndirnar enn í fersku minni, en þegar ég sá þær aftur um daginn voru þær breyttar, þó ekki finnist mér þær hafa fölnað eða smækkað, heldur vera einhver albestu verk Sverris. Gildi þeirra hefur ekki minnkað, heldur breyst.

Eftir sprautuna tekur Sverrir aftur til við olíuliti. Í fyrstu virðist um litla breytingu að ræða, nema á efni, en smám saman skiptir hann yfir í landslag. Frá þessum umskiptum hefur hann sýnt tvisvar og þau verk og hin nýjustu eru mjög fyrirferðarmikil á sýningunni nú.

Þær fyrstu þessara mynda, náttúrustemmningar úr Blesugrófinni og þar í kring, búa yfir miklum og sérkennilegum töfrum. Þar nýtur sín líka vel hin afburða tæknikunnátta Sverris. Á yfirborðinu er mikil blíða og kyrrð, en undir er líkt og sár kvöl og jafnvel angist. Rofabörðin verða að einhvers konar einkis manns landi, þar sem hið ógnvænlega bíður færis. Sú andlega spenna sem einkennir þessar myndir finnst mér horfin úr þeim nýrri. Þar er óhugnaðurinn ekki eins dulinn, og viðfangsefnið er líkt og of auðvelt viðfangs þannig að jafnvel bregður fyrir að handverkið sitji í fyrirrúmi. Ef til vill er Sverrir enn kominn að umskiptatíma, en um það getur enginn sagt að svo komnu máli nema hann sjálfur.

Myndlist í fréttum

Eins og ég sagði í upphafi, þá hefur þessi sýning vakið geysimikla athygli. Fjölmiðlar hafa verið ósparir á fréttir og aðsókn verið óvenjugóð. Það væri gleðileg stefnubreyting, ef listviðburðir eru farnir að teljast gott fréttaefni, en einhvern veginn finnst mér þó þessi kynningarstarfsemi bera vott um eitthvað annað en menningaráhuga.

Það skyldi síst standa á mér að fagna því ef fjölmiðlar sneru sér í alvöru að því að sinna myndlist og þá jafnframt öðrum listgreinum, en þessi áhugi nú finnst mér nokkuð skyndilegur og æsifréttakenndur. Tryggingaruppháð sýningar getur verið fróðleikur út af fyrir sig og það eru nýjar fréttir á Íslandi að umferðaröngþveiti skapist við opnun myndlistarsýningar, en þessi fróðleikur er varla til þess fallinn að auka raunverulegan áhuga á listum, þó hann geti valdið augnabliksæsingi. Margt er vinnandi til að stækka þann hóp sem sækir myndlistarsýningar, en mér finnst sem því moldviðri er þeytt hefur verið upp umhverfis þessa sýningu sé ekki ætlað að auka áhuga almennings á listum.

Sjáið hana samt!

Sýningin sjálf er aftur á móti vel til þess fallin, því að hún er þannig upp byggð að hún er mjög aðgengileg og verkin þess virði að sem flestir fái að njóta þeirra. Hitt finnst mér vafamál hvort almenningi og jafnágætum listamanni og Sverri sé nokkur greiði gerður með því að stilla honum upp sem einhverjum konungi listmálaranna. Ef efla á sannan áhuga fólks á listum og gera list að áhrifameiri þætti í lífi okkar er það ekki leiðin að belgja fjölmiðla út á æsifréttum og litmyndum í eina viku á ári og halda að það sé harla gott, en taka sér síðan rækilega hvíld frá listinni. Slíkar aðferðir eru áhrifaríkar til að auka sölu á heimilistækjum og bílum, en ekki til að upplýsa almenning eða að gera hann listelskari.

Það er því sorglegt að Sverrir Haraldsson og list hans séu höfð að leiksoppi í svona sýndarmennsku en þó verð ég að taka undir með kórnum og segja að þessi sýning er svo sannarlega þess virði að sjá hana, og vona að sem flestir geri það.

Sigurður Egill Garðarsson skrifar um tónlist:

FLUGTAK OG LENDING

Sinfóníuhljómsveit Íslands:
2. TÓNLEIKAR
18. október 1973
Stjórnandi:
Karsten Andersen
Einleikari:
Kjell Bækkelund



Karsten Andersen



Kjell Bækkelund

Fátt er eins áberandi á tónleikum og byrjun og endir hvers verks sem flutt er. Upphaf og lokatónar hvers og eins tónverks verða því oft viðkvæmustu staðirnir í flutningi — frá listrænu sjónarmiði mætti jafnvel líkja þeim við flugtak og lendingu. Þau andartök koma aldrei aftur. En þau ráða kannski úrslitum um heildaráhrif hverju sinni.

Fyrsta verkið á sinfóníutónleikum á fimmtudagskvöld var Passacaglia í f-moll eftir dr. Pál Ísólfsson. Fyrstu drög að þessu verki voru samin á námsárum Páls í Leipzig, þá með orgel í huga, og í þeirri gerð var verkið síðan fullbúið og tileinkað danska orgelleikaranum Sören Sörensen. Síðar endursamdi Páll verkið fyrir hljómsveit, og í þeim búningi var passacaglian frumflutt í Kaupmannahöfn árið 1938. En þá tóku Íslendingar í fyrsta sinn þátt í norrænu tónlistarmóti sem þar var haldið. — Flutningur verksins fór vel úr hendi og virtist á köflum vandaður eftir máttleysislega byrjun sem minnti um of á blaðlestur.

Í sinfóníu í G-dúr nr. 88 eftir Joseph Haydn náði hljómsveitin markvissum, glæsilegum flutningi. Yndisþokki verksins varð hvergi of þunglamalegur. Þótt pizzikato strengja í lok 2. þáttar missti marks, var leikur þeirra að öðru leyti með því bezta sem þeir láta til sín heyra, hrifandi í síðasta þætti verksins.

Seinni hluti tónleikanna hófst með Píanókonserti í F-dúr eftir bandaríska tónskáldið George Gershwin. Hér er reynt að sameina tungumál jassins og rómantík Liszts í klassískum klæðum píanókonsertsins. Norski píanóleikarinn Kjell Bækkelund fór með einleikshlutverkið. Hann byrjaði feril sinn sem undrabarn og lék í fyrsta sinn á opinberum tónleikum aðeins átta ára gamall með Fílharmóníusveit Oslóborgar, en síðan skipaði hann sér í flokk beztu píanóleikara á Norðurlöndum. Leikur Bækkelunds í Píanókonsert Gershwins var afbragðs góður, og leysti píanóleikarinn listavel úr öllum tæknilegum erfiðleikum. Hins vegar var sem hljómsveitin ætti við einhverja örðugleika að stríða í byrjun verksins. En þessu brá til batnaðar þegar líða tók á verkið. Undirtektir áheyrendanægðu til að Bækkelund lék aukalag — auðvitað eftir Grieg.

Síðast á efnisskrá var svíta nr. 2 úr ballettinum Daphnis et Chloé eftir franska tónskáldið Maurice Ravel. Draumlynd stemmning verksins á sér fáar hliðstæður í litbrigðum raddsetningarinnar, og er ævintýri næst: Það er ekki út í hött að skipa Ravel í hóp með „impressionistum" tónlistarinnar. En verkið er erfitt og kröfuhart í flutningi. Í meðförum sinfóníuhljómsveitarinnar var byrjunin aðeins hnökruð, en því betur tókst sem lengra leið á verkið. Til samanburðar má geta þess að á skólatónleikum daginn eftir — í gær — var flutningur verksins í heild frábær.

Norski hljómsveitarstjórinn Karsten Andersen verður aðalstjórnandi sinfóníuhljómsveitarinnar í vetur. Eftir þessa byrjun má búast við mörgum ágætum tónleikum.